

við frv. til lyfsölulaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (AGI).

1. Við 1. gr. 3. málsg. falli niður.
2. Við 7. gr.
 - a. 1. másl. 1. málsg. orðist svo:

Leyfi til rekstrar lyfjabúðar má veita einstaklingum, sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, samvinnufélögum og öðrum opinberum stofnunum, sem ætla má, að gæti trúlega hagsmuna almennings.
 - b. 3. málsg. orðist svo:

Umsóknir skal leggja fyrir lyfjaskrárnefnd, og skal hún láta landlækni í té rökstudda umsögn um hæfni umsækjenda. Landlæknir sendir síðan ráðherra álit um það, hverja af umsækjendum hann telur hæfasta í tölu-röð, og skal umsögn nefndarinnar fylgja álitinu.
3. Við 9. gr.
 - a. 2. málsg. falli niður.
 - b. 3. málsg. orðist svo:

Áður en leyfisbréf er afhent, ber lyfsala (forstöðumanni) að undirrita heit um, að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samvirkusemi og í samræmi við landslög. Ráðherra ákveður form ofangreindrar yfirlýsingar.
4. 17.—19. gr. (IV. kafli, Vinnudeilur og kjarasamningar) falli niður.
5. Við 33. gr. Þrjár fyrstu málsg. orðist svo:

Sé leyfishafi einstaklingur, skal hann sjálfur annast forstöðu lyfjabúðar sinnar og bera ábyrgð á rekstri hennar, svo og útibúum, sbr. 43. gr.

Sé leyfishafi félagsrekin stofnun, skal hún fela lyfjabúð sína í umsjá forstöðumanns, er fullnægi skilyrðum þeim, sem greind eru í fyrri málsgrein 9. gr., enda samþykki ráðherra með ráði landlæknis ráðningu hans. Forstöðumaður ber ábyrgð á starfrækslu lyfjabúðarinnar.

Þegar ræðir um lyfsala í lögum þessum, er átt við leyfishafa samkvæmt ákvæði fyrstu málsgreinar, svo og leyfishafa og forstöðumann samkvæmt annarri málsgrein, báða saman eða hvorn í sínu lagi, eftir því sem við getur átt.
6. Við 50. gr. 1. másl. orðist svo:

Þau fyrirtæki ein, sem hlotið hafa til þess meðmæli landlæknis og leyfi ráðherra, mega framleiða lyf, enda fullnægi fyrirtækin eftirfarandi skilyrðum:
7. Við 51. gr. Greinin orðist svo:

Á vegum heilbrigðismálastjórnarinnar skal reka verzlunarfyrirtæki, er sé eign ríkisins og heiti Lyfjaverzlun Íslands. Því skal komið fyrir sem hér greinir:

 1. Ríkissjóður skal leggja fyrirtækinu til nægilegt stofnfé.
 2. Fyrirtækið er sjálfstæður fjárhagsaðili og ber eitt ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum sínum. Það skal rekið samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun til eins árs í senn, er ráðherra staðfestir. Ársreikninga fyrirtækisins, endurskoðaða af ríkisendurskoðuninni, skal jafnan leggja fyrir fjárhagsnefndir Alþingis.
 3. Verksvið fyrirtækisins er að flytja inn, framleiða og verzla með lyf, lyfjafefni, hjúkrunarvarning, sjúkragögn og aðra læknisdóma. Vörur þær, er lyfjabúðir einar og læknar (dýralæknar), sem hafa rétt eða leyfi til lyfja-sölu, mega selja, er lyfjaverzluninni skylt að hafa á boðstólum og selja eingöngu þessum aðilum, svo og ríkinu, sjúkrahúsum og öðrum samsvarandi stofnunum til eigin afnota.

4. Fyrirtækinu stjórna tveir framkvæmdastjórar, er ráðherra skipar, og skal annar vera læknir, er hafi lyfjafræði (pharmacologia) að sérgrein, en hinn hafi lokið prófi í lyfjafræði lyfsala og öðlazi rétt til að kalla sig lyfjafræðing (sbr. 14. gr.). Aðalframkvæmdastjóri ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri fyrirtækisins, en að öðru leyti skal ákveða í reglugerð, hvernig þeir skipti með sér störfum. Unz ákveðið verður í kjarasamningum, kveður ráðherra á um launakjör framkvæmdastjóra og setur reglur um starfsmannahald og launagreiðslur fyrirtækisins að öðru leyti.
5. Álagningu fyrirtækisins skal hagað svo, að unnt sé að standast allan kostnað af rekstri þess, þ. á m. hæfilegum afskriftum, og leggja í rekstrartryggingarsjóð 1%, mest 2%, af vöruveltunni. Ágóða, er verða kann umfram þetta, skal varið til lækunar á verði nauðsynlegustu lyfja.
6. Fyrirtækið er undanþegið tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitarfélaga.
8. Á eftir 51. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 52. og 53. gr., og breytist greinarröð í samræmi við það. Greinarnar eru svo hljóðandi:
 - a. (52. gr.) Lyfjaverzlun Íslands er með lögum þessum veittur einkaréttur til að flytja inn og selja í heildsölu allar þær vörur, sem lyfjabúðum og læknum (dýralæknum), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, er einum heimilt að selja.
Þetta ákvæði er þó ekki því til fyrirstöðu, að lyfsali skipti við lækna (dýralækna), sem lyfjasölu hafa á hendi í nágrenni hans.
 - b. (53. gr.) Lyfjaverzlun Íslands skal skylt, gegn vægri þóknun, er ráðherra samþykkir, en nema verður þó fullum kostnaði, að taka að sér útvegum, innflutning og dreifingu lyfja, lyfjaefna og annarra læknisdóma (þar á meðal bóluafnis og sótthreinsunarlyfja), er ríkissjóður lætur ókeypis í té, enn fremur efna, sem almennt eru notuð til varnar gegn dýrasjúkdómum og lækningar á þeim, svo og annarra efna í sambærilega þágu atvinnuvega landsmanna. Um tilhögun dreifingar þessara efna fer eftir því, sem ákveðið er eða kann að verða í sérstökum lögum eða ráðherra segir nánar fyrir um í reglugerð.
9. Við 54. gr. 2. málsg. orðist svo:
Heimilt er þó framleiðendum að láta læknum í té endurgjaldslaust takmarkað magn af óskráðum sérlyfjum í reynsluskyni.
10. Við 55. gr. Nýr töluliður komi næst á eftir 2. tölulið, svo hljóðandi:
Reynsla er fengin um, að hættulegar aukaverkanir lyfsins í tilgreindum skömmtum komi ekki til greina.
11. Við 56. gr. Orðin „og selja þau í heildsölu þeim aðilum, sem hafa rétt til lyfjasölu (sbr. 40., 41. og 42. gr.)“ í 1 másl. falli burt.
12. Við 70. gr.
 - a. Í stað „1. júlí 1963“ í 1. málsg. komi: 1. janúar 1964.
 - b. Í staðinn fyrir málsliðinn, sem hefst á orðunum „Ákvæði 4. gr. laga nr. 69 7. maí 1928“ komi svo hljóðandi málsliður:
Ákvæði laga nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi, varðandi lyfjaverzlun áfengisverzlunarinnar og eftirlit með lyfjabúðum.